Vinnubókarblað nr. _____

RÖKLEIKNIÆFING
STÖÐUKÖNNUN

Vinkona þín er komin í mikla neyslu fíkniefna. Þú gerir þér grein fyrir því að ástandið er alvarlegt og reynir að tala um fyrir henni. Hún bregst hins vegar hin versta við og biður þig að lofa því að segja engum frá ástandinu. Foreldrar hennar virðast ekki gera sér grein fyrir ástandinu og skólayfirvöld hafa ekki gert athugasemdir þó að mætingin hafi versnað.

Hvað áttu að gera? Áttu að brjóta trúnað við vinkonu þína og gera hennar nánasta umhverfi viðvart í von um að það komi henni til bjargar? Eða áttu að láta kyrrt liggja? Af hverju?

Vinnubókarblað nr. _____

RÖKLEIKNIÆFING
STÖÐUKÖNNUN

Þú og besti vinur þinn deilið öllum ykkar hjartans málum hvor með öðrum. Vinur þinn hefur verið á föstu með stelpu en sambandið rennur út í sandinn. Hann hefur sagt þér mikið frá því. Á næsta skólaballi hittir þú stelpuna sem virðist vera mjög leið yfir sambandsslitunum. Þú ferð að tala við hana og hughreystingarorðin leiða þig heim til hennar. Þú veist að vinur þinn myndi reiðast mjög yfir því hvernig fór ef hann frétti af því.

Ættir þú að segja honum frá því sem gerðist? Færðu rök fyrir skoðun þinni, þ.e. útskýrðu af hverju.